
Ályktun um vetrarþjónustu Vegagerðarinnar í Strandabyggð

Mikil uppbygging hefur átt sér stað á Nauteyri við Ísafjarðardjúp í Strandabyggð. Ljóst er að sú uppbygging hefur haft í för með sér stórukna almenna umferð og umferð flutningabíla um veg (vegur Snæfjallastrandavegur 635), sem í dag er ekki sinnt sem slíkum. Sveitarfélagið hefur óskað eftir aukinni vetrarþjónustu Vegagerðarinnar en fengið þau svör að slíkt sé ekki mögulegt. Í ljósi þessarar milljarða uppbyggingar, sem og aukinnar umferðar um Steingrímsfjarðarheiði og Ísafjarðardjúp vegna þess, verða slík svör að teljast óásættanleg. Það fer ekki saman hvatning til fjárfesta og atvinnurekenda um uppbyggingu og samdráttur eða aðhald í innviðauppbýggingu.

70. Fjórðungsþing Vestfirðinga að hausti haldið 16. og 17. september 2025 í Félagsheimilinu Hnífsdal, Ísafjarðarbæ, skorar á stjórnvöld að bregðast við með þeim hætti að auka fjárframlög til Vegagerðarinnar vegna ástands sem í dag er óviðunandi og skapar aukna hættu og flækjustig fyrir atvinnu- og mannlíf sem þessu tengjast